

**Minnisblað: Vinnuferlið 2014-2018**

Móttakandi: Fræðslu- og tómstundanefnd  
Varðandi: Sveitarfélagið Hornafjörður  
Unnið: Ragnhildur Jónsdóttir  
Dags.: 16. júní 2018  
Málefni: Vinnuferlið 2014-2018

Í byrjun árs 2015 var stofnaður starfshópur um íþróttamál og var honum sett erindisbréf í febrúar. Í hópnum sátu: Einn fulltrúi frá hverju framboði í sveitarstjórn, einn fulltrúi frá USÚ/Umf. Sindra einn fulltrúi úr Ungmennaráði og forstöðumaður íþróttamiðstöðvar. Starfsmaður starfshópsins var Eyrún Unnur Guðmundsdóttir verkefnastjóri á skólaskrifstofu.

Hlutverk starfshópsins var að: „vera fræðslu- og tómstundanefnd til ráðgjafar í málefnum sem snúa að íþróttamálum á Hornafirði. Starfshópurinn kortleggur þarfir mismunandi íþróttagreina út frá því sjónarmiði að efla og þróa áfram tækifæri til íþróttaiðkunar í sveitarfélaginu“.

Starfshópurinn nýtti sér hugmyndir sem farm komu á heilsuþingi 2011 og íbúáþingi 2012 auk þess sem hópurinn vann SVOT greiningu með fulltrúum allra deilda Sindra og USÚ. Þessari vinnu lauk með skýrslu á haustönn 2015 þar sem starfshópurinn setti fram lista yfir mismunandi þarfir greina og niðurstöðu um að þrjú mál væru forgangsmál; *viðbygging við núverandi íþróttasal, tengibyggging milli sundlaugar og íþróttahúss og vallahús.*

Samkvæmt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2017 var sett fjármagn í að vinna hönnunavinnu vegna endurbóta á millibyggingu milli Heppuskóla og íþróttahúss sem meðal annars hýsir kennslueldhús Grunnskóla Hornafjarðar. Einnig var gert ráð fyrir hönnun tengibyggingar milli sundlaugar og íþróttahúss í þessari vinnu.

Þann 15. maí 2017 var eftirfarandi bókað í bæjarráði: Bæjarráð felur fræðslustjóra, skólastjóra Grunnskóla Hornafjarðar, forstöðumanni íþróttamannvirkja og umsjónarmanni fasteigna að taka saman gögn og hefja undirbúning vinnunar. Fræðslustjóra falið að halda utan um vinnu hópsins. Á fundum þessa hóps komu fram afar mismunandi áherslur og fljótlega komst hópurinn að niðurstöðu um að það vantaði heildarsýn um það hvað ætti og gæti rúmast í millibyggingu og tengibygggingu sem og á svæðinu milli Hafnar- og Heppuskóla og í kringum íþróttasvæðið. Einnig var ekki afmarkað hve stórt svæðið væri. Starfi þessa hóps lauk með því að:

*„Fundarmenn voru sammála um að skynsamlegast væri að hefja vinnu þar sem horft væri til heildarþarfa íþróttamála og skólans og skyssa upp hugmyndir að framtíðarsýn. Hugsa þarf inn í framtíðina þannig að hægt sé að áfangaskipta framkvæmdum svo að ein framkvæmd hefti ekki möguleika næstu framkvæmdar eða skerði nýtingu þeirra húsa sem nú þegar eru til staðar.*

*Fundarmenn leggja til að farið verði í þessa hugmyndavinnuna með íbúum um framtíðarsýn svæðisins sem allra fyrst“.*

Í framhaldi af þessari niðurstöðu var ákveðið að finna ráðgjafar- og verkfræðistofu á sviði skipulagsmála til að stjórna áframhaldandi vinnu við að skapa heildarsýn og tryggja aðkomu allra hagsmunadila að málinu. Í maí sl. var ákveðið var að ganga til samninga við Alta ráðgjafafyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í skipulagi og byggðáþróun ásamt stefnumótun og verkefnisstjórnun.